



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa borgarstjórnar

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um breytingar á ofbeldisvarnarnefnd - drög

Á fundi borgarráðs þann 10. júní 2022 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Flokkur fólksins hefur ekki séð rök fyrir því af hverju ákveðið var að leggja ofbeldisvarnaráð niður og setja málaflokkinn undir mannréttindaráð. Er ekki með þessari aðgerð verið að gengisfella málaflokkinn. Óskað er skýringa og hvaða rök liggja fyrir þessari ákvörðun?

Umsögn:

Á fundi borgarstjórnar þann 21. júní 2022 var samþykkt svohljóðandi tillaga borgarfulltrúar Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar:

Borgarstjórn samþykkir að sameina málaflokk mannréttinda og ofbeldisvarna í nýju mannréttinda- og ofbeldisvarnarráði sem tekur við hlutverki ofbeldisvarnarnefndar. Forsætisnefnd er falið að vinna nýja samþykkt fyrir mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð í samráði við mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu sem skal lögð fram til samþykktar á fyrsta fundi borgarstjórnar í september og kemur í stað gildandi samþykktar mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs og ofbeldisvarnarnefndar. Ráðið starfar samkvæmt samþykktum mannréttinda-, nýsköpunar og lýðræðisráðs og ofbeldisvarnarnefndar þar til ný samþykkt liggur fyrir.

Svohljóðandi greinargerð fylgdi tillögunni:

Hið nýja ráð mun bera nafnið mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð í samræmi við þá sýn að gera beri málaflokki ofbeldisvarna enn hærra undir höfði með því að gera ofbeldisvarnarnefnd hluta að sameinuðu fagráði. Þeim hagsmunaaðilum, sem settið hafa í ofbeldisvarnarnefnd, verður tryggð aðkoma að störfum hins nýja ráðs eftir því sem nánar verður kveðið á um í nýrri samþykkt ráðsins sem lögð verður fram til samþykktar borgarstjórnar að sumarleyfi loknu. Ráðið mun funda sérstaklega um ofbeldisvarnarmál eigi sjaldnar en mánaðarlega og byggja áfram á því góða starfi sem ofbeldisvarnarnefnd hefur unnið á síðustu árum og verður mikilvægum verkefnum þess áfram sinnt af fagmennsku og einurð.

Tilgangur tillögunnar er að efla stjórnmalalega umgjörð um jafnréttismál hjá Reykjavíkurborg, sameina í einu ráði öll þau fjölbreyttu verkefni sem varða jafnréttis- og mannréttindamál og ná að sama skapi fram samlegð, skilvirkni og enn faglegra samtali um jafnréttismál þar sem málefni mannréttinda, ofbeldisvarna, heimilisofbeldis og kynjaðrar starfs- og fjárhagsáætlunargerðar koma saman á einum vettvangi. Um er að ræða sameiningu mannréttindaráðs, ofbeldisvarnarnefndar og þeirra verkefni sem áður hafa verið unnin á vettvangi stýrihóps um kynjaða- og jafnréttismiðaða starfs- og fjárhagsáætlanagerð. Á móti kemur tilfærsla málefna sem lúta að stafrænni þjónustu, gagnsæi og lýðræðis í sérstakt stafrænt ráð.

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð verður fagráð skipað sjö fulltrúum kjörnum af borgarstjórn og jafnmörgum til vara. Ráðið verður vistað hjá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu og skal mannréttindastjóri sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt auk þess sem aðrir starfsmenn munu sækja fundi ráðsins eftir þörfum.



Við afgreiðslu málsins lögðu borgarfulltrúar Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar fram svohljóðandi bókun:

Hér er verið að raungera það sem fram kemur í meirihlutasáttmála Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar; „mannréttinda- og ofbeldisvarnarmál verða sameinuð í mannréttindaráði sem taki við hlutverki ofbeldisvarnarnefndar og annist reglulegt samráð um ofbeldismál.“

Samþykkt mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs var samþykkt í borgarstjórn 28. september sl. Í 7. gr. samþykktarinnar kemur m.a. fram að mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð heldur að jafnaði tvo fundi í mánuði. Einn fundur í mánuði skal að jafnaði tileinkaður ofbeldisvarnarmálum og á þá fundi skal boða áheyrnarfulltrúa lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, Stígamóta, Samtaka um kvennaathvarf og landlæknis.

Vísað er til framangreindra gagna ásamt meirihlutasáttmála Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar.

Virðingarfyllt,
Bjarni Þóroddsson
Skrifstofa borgarstjórnar